



Hljómsveitarstjórinn.

Fyndin leikur, stundum verður er'ann alveg ruglaður.

Yfirlit:

Hljómsveitarstjórinn stjórnar hljómsveit sinni svo lítið beri á og er'ann reynir að finna hljómsveitarstjóran.

Hvað þarftu:

Opið svæði, 8-15 þátttakendur.

Hvað á að gera:

Allir mynda hring, einn úr hópnum er tekinn úr hringnum og fer úr sjón- og heyrnarfæri. Annar er valinn í hópnum til að vera hljómsveitarstjóri og sá stýrir hljómsveitinni, allir eiga að gera eins og hann.

Leikurinn fer þannig fram að hljómsveitarstjórinn spilar á ímyndað hljóðfæri (með hreyfingum og hljóðum) og allir fylgja eftir með því að spila á sama hljóðfæri.

Þegar hljómsveitarstjórinn skiptir um hljóðfæri (gítar, lúður, trommur, fiðla o.s.frv.) þá skipta allir með honum um hljóðfæri. Sá sem "er'ann" mun standa inn í miðju hringins og reyna finna út úr því hver hljómsveitarstjórinn er.

Athugið að byrja að spila á "hljóðfærin" áður en er'ann kemur inn í hringinn. Annars er þetta of létt.

Ath: Hægt er að nota annað sbr. klóra sér í nefinu, blikka, slá taktinn með fætinum.